

Trúnaðarráð Eflingar: Hlutverk og starfshættir

Kynning á fyrsta fundi nýs Trúnaðarráðs
14. janúar 2021

Hlutverk og störf skv. lögum

- Sjá 15. grein [laga Eflingar](#)
- Æðsta vald í málefnum félagsins milli félagsfunda
- Skipað 115 félagsmönnum + 15 manna stjórn = 130 manns
- Stjórn heimilt að skipa varamenn í forföllum aðalmanna
- Situr í 2 ár í senn (frá 1. janúar)
- Kýs aðrar undirnefndir félagsins
- Fundir mánaðarlega yfir veturinn (október - maí)
- Á að endurspeglar félagið (starfsgreinar o.s.frv.)
- Formaður stýrir fundum

Hverjir eru í trúnaðarráði?

- Ath. að **Trúnaðarráð** er ekki tengt við **trúnaðarmenn** (þótt margir í trúnaðarráði séu trúnaðarmenn og öfugt)
- Félagsmenn sem eru virkir í félaginu, hafa reynslu af störfum þess eða hafa sýnt áhuga
- Listi settur saman af uppstillingarnefnd – tekið tillit til samsetningar og hópa (kyn, aldur, uppruni, félagssvæði, starfsgrein, almenni/opinberi markaðurinn o.s.frv.)
- Heimilt að leggja fram mótframboð en oftast sjálfkjörið
- **Munið: Æðsta vald í málefnum félagsins!**

Starfsvenjur skv. hefð

- Fundir haldnir á fimmtudagskvöldum á 4. hæð í Guðrúnartúni
- Heitur matur í mötuneyti á 3. hæð
- Formaður, stjórn og starfsmenn undirbúa fundi
- Yfirleitt fjallað um stefnu og baráttu félagsins fremur en rekstrarmál
- Fundir haldnir skv. fundaáætlun
- Haldinn mætingarskrá
- Frá 2018 allir fundir túlkaðir með texta-túlkun
- Fundargerð skrifuð og þýdd á ensku
- Haustinu lokið með jólafundi og jólagjöf

Endurvakning trúnaðarráðs

- Haustið 2020 samþykktir nýir starfshættir til að stuðla að meiri virkni og betri mætingu.
- Stjórn tekur tíma í að undirbúa fundi og taka þátt í þeim.
- Stjórn hefur fengið heimild til að ákveða fundarefni og boðsgesti úr röðum félagsmanna
- Starfsfólk hringir út til að hvetja til mætingar og margir starfsmenn viðstaddir fundi til aðstoðar.
- Vönduð erindi + umræður í hópum.
- Búnar til afurðir - t.d. ályktun sem birt er opinberlega.
- Félagsgjald endurgreitt í lok starfsárs í hlutfalli við mætingu. (sjá reglugerð send í tölvupósti 12. Janúar 2021)
- Endurbætur á húsnæði á 4. hæð eru byrjaðar!

Fundarsköp

- Eingöngu Trúnaðarráðsfélagar fara með atkvæðisrétt á fundum
- Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála
- Allir Trúnaðarráðsfélagar geta beðið um orðið og tekið til máls með leyfi fundarstjóra
- Notast er við mælendaskrá
- Hægt að taka upp hvað sem er undir "Önnur mál"

Covid-19 faraldurinn

- 15. október fyrsti rafræni fundur Trúnaðarráðs.
- Notast við Zoom forritið - hægt að hafa bæði fyrirlestra og umræður í hópum
- Fundir hefjast kl 19:30 – standa í hámark 2 klst
- Texta-túlkun með "CC" takkanum
- Takkar fyrir atkvæðagreiðslur
- **GENGIÐ VONUM FRAMAR!**
- Þurfum að notast við rafræna fundi þangað til slakað verður á samkomutakmarkönnum -- ath. fjölda í Trúnaðarráði = 130!

Praktísk atriði: fyrir og eftir fund

- Fundadagskrá fram í maí liggur fyrir (sjá næstu glæru) - send í tölvupósti 12. Janúar 2021
- Fundarboð og fundargögn send í **tölvupósti** -- munið að skoða tölvupóst reglulega og láta vita ef berst ekki! (felagssvid@efling.is)
- Eftir hvern fund send **mætingarstaðfesting** í tölvupósti -- látið vita ef þið fáið hana ekki eftir fund sem þið mættuð á! (felagssvid@efling.is)

Praktísk atriði: á Zoom fundi

- Skrá rétt nafn þegar komið er inn á fundinn
- Muna að nota "mute" ef ekki verið að taka til máls
- Hægt að nota "chat" og aðrar skipanir.
- EKKI hika við að leita aðstoðar hjá starfsfólki!
- Erum jákvæð, þolinmóð og hjálpumst að!

Fundadagskrá

FUNDUR	DAGS.	TÍMI
TRÚNAÐARRÁÐ	Fim 14. janúar	19:30
TRÚNAÐARRÁÐ	Fim 11. febrúar	19:30
TRÚNAÐARÁÐ	Fim 11. mars	19:30
TRÚNAÐARRÁÐ	Fim 8. apríl	19:30
AÐALFUNDUR GILDIS	(auglýst síðar)	
AÐALFUNDUR	Fim 6. maí	20:00
TRÚNAÐARRÁÐ	Fim 20. maí	19:30